

Ólöf Sigríður Björnsdóttir

Garðabær, 23. maí 2025
202505-0113/I.M.B.
10.02.01

Umsókn um leyfi til drónaflugs á Látrum innan friðlands Hornstranda

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Ólafar Sigríðar Björnsdóttur, dagsett 9. maí 2025, um leyfi til drónaflugs innan marka eigna Ólafsskála á Látrum í Aðalvík innan friðlands Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing nr. [332/1985](#). Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins, sbr. auglýsing nr. [161/2019](#) er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir drónaflugi yfir landsvæði og eignum umsækjanda, n.t.t. sumarhúss og sjávarskúrs (Ólafsskála) auk sjávangötu frá bryggjunni á Látrum í Aðalvík innan friðlands Hornstranda. Tilgangur verkefnisins er að meta ástand eigna og yfirfara og greina landamerki. Gert er ráð fyrir tveimur vinnuferðum í verkefnið, sú fyrri 25.-28. maí og sú síðari í byrjun júlí í þrjár vikur. Nákvæmar tímasetningar hvers drónaflugs ráðast af veðurfari hverju sinni. Kristmann Magnússon mun vinna verkið fyrir umsækjanda.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins. Verkefni er ekki líklegt til að valda truflunum á lífríki svæðisins ef skilyrðum leyfisins er uppfyllt.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Ólöfu Sigríði Björnsdóttur fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan á þeim tímabilum sem sótt er um að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þátttakendum þess þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

Náttúruverndarstofnun

- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir drónafluginu innan hins friðlýsta svæðis.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum þ.m.t. fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma og flugum skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla og lífríki svæðisins skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins. Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við [reglugerð nr. 1360/2024](#), um starfrækslu ómannaðra loftfara og ómönnuð loftfarskerfi. Frekari upplýsingar eru að finna á [heimasíðu Samgöngustofu](#).

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun

Virðingarfyllt

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur

Kristín Ósk Jónasdóttir

sérfræðingur